| Bæjarskrifst. Garðabæjar | |
|---|---|
| Mótt.dags. | 30.10.2015 |
| Málalykill | 10.3 |
| Mál nr. | 1510380 |

Bæjarráð Garðabæjar
Garðatorgi 7, 210 Garðabæ

**Efni:Hjólreiðarstígur og gangbraut meðfram baklóðum í Súlunesi í Garðabæ.**

Um þessar standa yfir miklar framkvæmdir meðfram baklóðum í Súlunesi í Garðabæ. Verið er að byggja upp hjólreiða-og göngustígabrautir fast meðfram baklóðum í Súlunesi. Þessir stígar liggja fast upp að baklóðunum. Gera má ráð fyrir að þúsundir manna muni notast við þessa stíga á ári hverju. Í áætlun með þessarri verkframkvæmd er gert ráð fyrir að settar verði upp lóðargirðing við lóðamörk eða stígbrún til að skerma á innsýn í aðliggjandi garða. Það er orðið ljóst á þessu stigi framkvæmda að stígarnir liggja algjörlega fast upp að baklóðum, og meira segja þurfti að taka niður 6 aspir við Súlunes 24 til að koma þessum stígum fyrir og saga þurfti af trjám annarra lóða sem slúttuðu yfir stíga. Allt var þetta gert í sátt við íbúa. Íbúar í Súlunesi hafa tekið þessum framkvæmdum vel svo vitað sé, enda bráðnauðsynlegt að koma þeirri gengdalausu og sívaxandi hjólaumferð sem var orðin hættuleg hjólreiðarmönnum og bifreiðaeigendum á akbraut meðfram Súlunesi. Það hefur verið rætt á milli íbúa í Súlunesi um þessa framkvæmd og menn eru sammála um að að sá skjólveggur sem skerma á innsýn frá hjólreiðar-og göngustíg inn á baklóðir verði að vera minnst tveir metrar á hæð til að þjóna þeim tilgangi sem honum er ætlað.

**Við íbúar við Súlunes viljum því leggja fram þá einlægu ósk að skjólveggur sem skerma á innsýn frá hjólreiðar-og göngustíg yfir á baklóðir verði að lágmarki tveir metrar.**

Virðingarfyllst
Garðabæ 26.10.2015

Eiríkur Stefánsson 270350-7399
Ósk Sveinsdóttir 200460-3249
Jóhann Brandur 221259-2039
Guðrún Egilsdóttir 201170-4789
Ólafur R. Magnússon 060451-3629
[signature] 071150-2329

Skjal sótt af '00000000' dags: 25.03 2026